

Vegagerðin  
b.t. Haukur Pálmason  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Akureyri 20. júlí 2018  
UST201807-152/H.V.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku Fjallabaki**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Ágústar Freys Bjartmarssonar og Hauks Pálmasonar fyrir hönd Vegagerðarinnar, dags. 20. júlí 2018, um leyfi til efnistöku í Jökulgilskvísl innan friðlands að Fjallabaki.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979 sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 354/1979. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynsóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til efnistöku í Jökulgilskvísl í þeim tilgangi að styrkja vegi í grennd við Landmannalaugar. Áætlað er að taka 1500 m<sup>3</sup> af efni úr ánni og nota til þess eina hjólagrófu og eina vörubifreið. Keyrt verður eftir slóða ofan í árfarveg. Samkvæmt upplýsingum frá umsækjanda mun framkvæmdinni fylgja tímabundið rask sem áin mun laga sjálf, en að allt verði gert sem hægt er til að lágmarka rask í árfarveginum. Eftir efnistöku verður svæðið lagað eins og hægt er.

#### ***Áhrifamat:***

Starfsmaður Umhverfisstofnunar fór með framkvæmdaraðila á staðinn og tók út aðstæður. Framkvæmdin mun hafa tímabundin sjónræn áhrif á meðan á efnistöku stendur. Efnistökusvæði er á áreyrum sem eru á stöðugri hreyfingu og mun framkvæmdasvæði afmást á stuttum tíma. Vegslóði sem notaður verður til að aka niður á áreyrarnar er um 50 metra langur og hefur ekki verið notaður í mörg ár og er því að mestu gróinn. Slóðinn mun því verða sýnilegur á ný. Tyggja þarf að ekki aðrir en framkvæmdaraðili noti slóðann og loka honum þegar framkvæmdum lýkur. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa óásættanleg neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins að uppfylltum skilyrðum.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir efnistöku í Jökulgilskvísl innan friðlands að Fjallabaki að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, annar en sá sem lýst er í umsókn, er bannaður.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um framkvæmdina eins og kostur er að verkefni loknu. Vanda skal frágang eftir að framkvæmdum lýkur.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg og vatn.
- Framkvæmdaraðili skal sjá til þess að aðrir sem leið eiga um svæðið keyri ekki slóða niður á áreyrar. Gengið skal frá slóðanum að loknum framkvæmdum með þeim hætti að aðrir en framkvæmdaraðili aki hann ekki í samráði við landverði á svæðinu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaaðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


#### ***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

#### ***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af landverði frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur